



Reykjavík, 29. janúar 2021
R20110304

Svar við tillögu

Efni: Tillaga að starfs- og fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar fyrir árið 2021
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Vísað er til bréfs Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH), dags. 17. nóvember 2020, þar sem lögð var fram tillaga að starfs- og fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar fyrir árið 2021. Fram kemur að á 97. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins sem haldinn var þann 6. nóvember 2020 hafi verið fjallað um fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar. Þar var einnig lagt fram minnisblað með tillögu að starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 sem var samþykkt og vísað til afgreiðslu hjá aðildarsveitarfélögum. Aðalfundur SSH var haldinn þann 13. nóvember 2020 og voru útgjöldin samþykkt á þeim fundi. Borgarfulltrúar Reykjavíkurborgar sitja fundi SSH og teljast því útgjöldin þegar samþykkt fyrir hönd borgarinnar fyrir árið 2021.

Sá kostnaður sem fellur á Reykjavíkurborg vegna verkefna svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins (SH) miðast við hlutfallsskiptingu íbúafjölda þann 1. janúar 2020 og er 56.3% eða sem nemur 16.104.661 m.kr. fyrir árið 2021. Fyrir árið 2020 var gjaldið 15.799.429 m.kr. og hefur gjaldið því hækkað umtalsvert á milli ára. Skrifstofa borgarstjórnar (kostn.st. 01080) hefur greitt árgjald til Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem nemur 15.1 m.kr. en SSH sér um bókhald og umsjón fyrir SH. Fyrir árið 2021 er gert ráð fyrir að gjaldið verði greitt af umhverfis- og skipulagssviði.

Ekki var gert ráð fyrir þeirri hækkun gjalda sem hefur átt sér stað á milli ára í fjárhagsáætlun og þarf því að gera viðauka til að mæta því sem út af stendur eða um 1,5 m.kr. Hækkunin nemur um 10% sem er langt umfram þá 2.4% hækkun sem Reykjavíkurborg reiknaði með vegna verðtrygginga samninga. Þá er bent á að betur færi á því að upplýsingar um gjald til SH kæmi fyrr til sveitarfélaga svo að gera megi ráð fyrir hækkun á milli ára, ef einhver er, í fjárhagsáætlun.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs